

Heiti áfanga: HEIM2BF05

Titill: Fagurfræði

Þrep: 2.þrep

Staða áfanga: Áfanginn er valáfangi á öðru þrepi og getur verið hluti af kjörgrein í heimspeki eða sem hluti af blönduðu listgreinavali á listmenntabraut.

Kenning: Áfanginn er kenndur á vorönn, 4 tíma á viku

Undanfarar: Einn af eftirtöldum áföngum: HEIM2AA05 / SAGA2AA05 / MYNL2AT05 / LEIK1AB05

Stutt lýsing á áfanganum:

Í þessum áfanga er markmiðið að öðlast skilning á helstu kenningum og hugtökum fagurfræði og listheimspeki. Nemendur fá þjálfun í að beita þessum hugtökum sjálfstætt í greiningu á listum, menningu, umhverfi og samfélagsumræðu. Dæmi um viðfangsefni og spurningar sem teknar verða fyrir eru: Hvað er list? Hvað er fegurð? Hver er listamaður? Hvert er hlutverk listarinnar í samfélaginu? Er allt sem er fallett gott? Af hverju hrifumst við af fegurð náttúrunnar? Hvað er persónulegur smekkur? Er listin blekkingarleikur?

Nokkur lykihugtök áfangans: list, fegurð, sköpun, smekkur, innblástur, upplifun, menning, upprunaleiki, skáldskapur, blekking, náttúra, umhverfi, fyrirbæri, skynjun, listgagnrýni.

Námsmat: þátttaka í tímum, ígrundanir, listgagnrýni, hópverkefni og fleira.

Námsefni: textar, myndefni, hljóðupptökur, hlaðvörp og fleira.